

ÁSGRÍMUR ANGANTÝSSON, FINNUR FRÍÐRIKSSON,
RANNVEIG SVERRISDÓTTIR OG GUÐRÚN STEINÞÓRSDÓTTIR

Frá harðmæli til handforma

Breytileiki og þróun í íslenskum framburði

Þetta sérhefti er helgað rannsóknum á framburði íslensku og íslensks táknmáls. Á undanförunum árum og áratugum hafa verið gerðar býsna viðamiklar rannsóknir á breytileika í framburði, einkum eftir landsvæðum og aldurshópum. Í seinni tíð hefur einnig verið horft í auknum mæli til lífstíðarþróunar í máli einstaklinga, viðhorfa og viðbragða við ólíkum framburði. Þá hafa komið fram á sjónarsviðið rannsóknir á íslensku táknmáli, meðal annars handformum og þáttum þeirra sem eru á vissan hátt sambærilegir við mállhjód í raddmálum. Hér er fjallað um „framburð“ í víðum skilningi, hvort sem átt er við raddmál eða táknmál. Þema- greinarnar eiga það því sammerkt að fjalla um breytileika og tilbrigði í framburði og í sumum þeirra er fjallað sérstaklega um ólíkar efnissöfnunaraðferðir í framburðarrannsóknum.

Segja má að heildstæðar og markvissar yfirlitsrannsóknir á breytileika í íslenskum framburði hafi byrjað á fimmta áratug 20. aldar með mállýskurannsókn Björns Guðfinnssonar.¹ Tvær meiri háttar rannsóknir hafa síðan verið gerðar með beinum tengslum við þá rannsókn. Sú fyrri er *Rannsókn á íslensku nútíma- máli (RÍN)* á níunda áratug 20. aldar en niðurstöður hennar sýndu meðal annars að útbreiðsla og tíðni svæðisbundinna framburðareinkenna höfðu almennt dregist saman.² Sú síðari er *Málbreytingar í rauntíma í íslensku hljóðkerfi og setninga-*

¹ Björn Guðfinnsson, *Mállýskur I*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1946; Björn Guðfinnsson, *Mállýskur II. Um íslenskan framburð*, Ólafur M. Ólafsson og Óskar Ó. Halldórsson unnu úr gögnum höfundar og bjuggu til prentunar, Reykjavík: Heimspekideild Háskóla Íslands og Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1964.

² Sjá nánar Kristján Árnason og Höskuldur Þráinsson, „Fonologiske dialekttræk på Island. Generationer og geografiske område“, *Nordisk dialektologi*, ritstjórar Gunnstein Akselberg,



gerð (RAUN) sem gerð var á árunum 2010–2012.³ Meðal þess sem sú rannsókn leiddi í ljós var að flutningar frá einu landsvæði til annars geta haft töluverð áhrif á svæðisbundinn framburð einstaklinga. Margrét Guðmundsdóttir vann brautryðjendaverk í að umreikna og tengja saman niðurstöður úr þessum þremur yfirlitsrannsóknnum. Í doktorsritgerð hennar er rakin á ýtarlegan hátt framburðarþróun einstaklinga og hópa af Norðurlandi og Suðurlandi yfir allt að 70 ára tímabil.⁴

Frá BG til RÍN liðu um það bil 40 ár og í upphafi þriðja áratugar 21. aldar voru aftur liðin 40 ár frá síðustu stóru yfirlitsrannsókn. Þess vegna þótti tímabært að kortleggja stöðuna á nýjan leik og rannsóknarverkefninu *Svæðisbundinn framburður, viðhorf og málbreytingar í rauntíma* (SVIÐ) var hleypt af stokkunum.⁵ Lýsandi markmið verkefnisins var að kortleggja núverandi stöðu svæðisbundins framburðar á landinu á þann hátt að hægt yrði að bera niðurstöðurnar markvissst saman við niðurstöður fyrri yfirlitsrannsókna. Fræðilegt markmið verkefnisins var að varpa ljósi á það hvernig viðhorf hafa áhrif á framburðarþróun, bæði einstaklinga og innan málsamfélaga, en það hafði ekki verið rannsakað áður með heildstæðum og skipulegum hætti. Einnig vantaði upplýsingar um notkun viðkomandi framburðareinkenna og viðhorf til þeirra hjá fólki sem fætt er í kringum 1975 og síðar. Í SVIÐ var því meðal annars lögð áhersla á að ná til þessara yngri kynslóða.

Fyrstu skref í rannsóknnum á íslensku táknmáli voru stigin með stofnun Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskerta sem átti sér stað í lok árs 1990. Stofnunin beitti sér ásamt Félagi heyrnarlausra fyrir því að tákn málsfræði og tákn málsstúlkun yrði fræðigrein við Háskóla Íslands og hefur allar götur síðan verið mikið samstarf innan þessara stofnana um rannsóknir á málinu. Fyrstu

Anne Marit Bødal og Helge Sandøy, Oslo: Novus, 2003, bls. 151–196; Kristján Árnason, *Hljóð. Handbók um hljóðfræði og hljóðkerfisfræði. Íslensk tunga I*, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2005, bls. 364–425; og Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, „Phonological variation in 20th century Icelandic“, *Íslenskt mál* 14: 1/1992, bls. 89–129.

³ Höskuldur Þráinsson, Ásta Svavarsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal, „Hvert stefnir í íslenskri setningagerð? Um samtímalegar kannanir og málbreytingar“, *Íslenskt mál og almenn málfraði*, 35/2013, bls. 57–127.

⁴ Margrét Guðmundsdóttir, *Mál á mannsevi. 70 ára þróun tilbrigða í framburði – einstaklingur og samfélag*, Doktorsritgerð, Reykjavík: Háskóli Íslands, 2022, <https://hdl.handle.net/20.500.11815/3419>.

⁵ Ásgrímur Angantýsson, Finnur Friðriksson, Stefanie Bade, Eva Hrund Sigurjónsdóttir, Ása Bergný Tómasdóttir og Kristín Margrét Jóhannsdóttir, „Norðlensk og sunnlensk framburðareinkenni og viðhorf fólks til þeirra“, *Íslenskt mál og almenn málfraði* 46/2024, bls. 19–64.

rannsóknir voru á margan hátt hagnýtar, tengdust kennslu og máltöku en á síð-ustu 20 árum hafa birtingar rannsókna aukist jafnt og þétt og fjölbreytni þeirra einnig. Viðamesta rannsóknin hérlendis er doktorsritgerð Valgerðar Stefánsdóttur frá 2023⁶ þar sem rakinn er uppruni og þróun íslensks táknmáls frá sjónarhorni málvísindalegrar mannfræði. Valgerður hrekur það sem áður hafði verið haldið fram um uppruna íslensks táknmáls sem talið var komið úr dönsku táknmáli. Hún færir rök fyrir því að málið sé sjálfsprottið og hafi orðið til á meðal döff Íslendinga á tímum tákmalbansins. Aðeins ein rannsókn hefur fjallað um handform í íslensku táknmáli⁷ og sneri sú að handformum í kennslu og máltöku barna. Engin rannsókn hingað til hefur skoðað framburð og framburðarmun í ÍTM, hvorki í handformum né öðrum breytum tákna.

Þetta hefti geymir sex greinar sem falla innan ramma fyrrgreinds þema og fjalla með einum eða öðrum hætti um íslenskan framburð. Fimm þeirra eru ritrýndar en ein er ritstýrð. Þrjár greinanna, það er grein Ásgríms Angantýssonar og Finns Friðrikssonar, grein Ásu Bergnýjar Tómasdóttur og Stefanie Bade og grein Finns Friðrikssonar og Kristínar Margrétar Jóhannsdóttur, sækja efnivið sinn í gögn sem safnað var í tengslum við SVIÐ-verkefnið. Greinar Höskuldar Þráníssonar og Margrétar Guðmundsdóttur sækja á svipuð mið og fjalla báðar um svæðisbundinn framburð á Íslandi þótt þær falli utan SVIÐ-verkefnisins. Í grein Guðnýjar Bjarkar Þorvaldsdóttur og Rannveigar Sverrisdóttur er hins vegar horft í aðra átt og rætt um framburðartilbrigði í íslensku táknmáli. Hér verður nú gefið stutt yfirlit yfir viðfangsefni þessara sex greina.

Grein Ásgríms Angantýssonar og Finns Friðrikssonar, „Innsýn í lífstíðarþróun í framburði einstaklinga“, fjallar um hvernig svæðisbundin íslensk framburðar-einkenni breytast yfir lífstíð einstaklinga og hvaða augum þeir líta þá þróun. Byggt er á samanburði á gögnum frá RÍN og SVIÐ. Skoðaðir eru 75 málhafar; 51 Norðlendingur og 24 Sunnlendingar, sem fæddust á árunum 1965–1974 og tóku þátt í báðum rannsóknum, og þróun fjögurra svæðisbundinna framburðar-einkenna í máli þeirra, það er harðmælis og raddaðs framburðar á Norðurlandi og *hv*-framburðar og skaftfellsks einhljóðaframburðar á Suðurlandi, frá fyrri rannsókninni til þeirrar síðari. Einnig er unnið úr djúpvíðtölum sem tekin voru við sex þessara einstaklinga í SVIÐ til að rýna nánar í hvað þeir segja um þær

⁶ Valgerður Stefánsdóttir, *Án táknmáls er ekkert líf. Upp með hendur!* Ritgerð til doktorsgráðu í mannfræði, Félagsvísindasvið Háskóla Íslands, 2023.

⁷ Nedelina Ivanova, Rannveig Sverrisdóttir og Guðný B. Þorvaldsdóttir, „Raising Handshape Awareness. The Handshape Inventory for Icelandic Sign Language in Early Intervention and Teaching of ÍTM“, *Croatian Review of Rehabilitation Research*, 58: (special issue)/2022, 27–51.

breytingar sem kunna að hafa orðið á framburði þeirra. Niðurstöðurnar sýna að flest framburðareinkennanna hafa almennt dalað, einkum hjá þeim sem hafa flust af heimaslóðum. Harðmæli reynist þó stöðugast og skaftfellskur einhljóð-aframburður varðveitist líka að nokkru leyti en *hw*-framburður, raddaður framburður og *hw*-framburður hafa dregist mest saman. Á sama tíma koma fram áberandi einstaklingsmunur og dæmi um að sumir styrki jafnvel framburð sinn, ekki síst ef þeir tengja hann sterklega við uppruna sinn eða sjálfsmynd. Djúpvíðtölin við þátttakendurna sex styðja þetta: þeir sem eru stoltir af framburði sínum viðhalda honum frekar, en aðrir laga sig ómeðvitað að meirihlutaframburði.

Í grein Ásu Bergnýjar Tómasdóttur og Stefanie Bade, „Vestfirskur framburður. Staða greinileiki og alþýðuhugmyndir“, er einblínt á þann hluta gagna SVIÐ-verkefnisins sem tengjast vestfirskum framburðareinkennum, en 77 Vestfirðingar tóku þátt í netkönnunarhluta þess verkefnis og 11 þeirra voru jafnframt teknir í einstaklingsviðtöl. Nánar tiltekið er hér litið til einhljóðaframburðar á /a/ og /ö/ og svokallaðrar vestfirskrar áherslu með það fyrir augum að meta stöðu og þróun þessara framburðareinkenna, kanna hversu greinileg þau eru öðrum málhöfum og skoða viðhorf og alþýðuhugmyndir Vestfirðinga og annarra hvað þau varðar. Niðurstöður greiningar Ásu Bergnýjar og Stefanie sýna að vestfirsku framburðareinkennin eru á skýru undanhaldi. Vestfirsk áhersla mælist vart og þótt einhljóðaframburður á /a/ og /ö/ finnist vissulega enn hefur tíðni hans lækkað umtalsvert frá RÍN-rannsókninni og hann er nú að mestu bundinn við Ísafjarðarsýslur og eldri málhafa. Greinileiki vestfirskis framburðar er samt sem áður talsverður, þó eldri kynslódir virðist meðvitaðri um hann en þær yngri, og þátttakendur í SVIÐ tengja vestfirsku svo til einvörðungu við einhljóðaframburð á /a/, að því er virðist að nokkru leyti vegna þekkingar á dæmum eins og *langur gangur* og vísunni um „svanga Manga“. Í viðtölunum kemur síðan fram að Vestfirðingar lýsa framburðinum oft sem hluta af eigin uppruna og sjálfsmynd, og sumir halda honum meðvitað við, á meðan aðrir hafa dregið úr honum vegna áhrifa frá umhverfi.

Í grein Finns Friðrikssonar og Kristínar Margrétar Jóhannsdóttur, „Maður er náttúrulega svo stoltur af því að vera Norðlendingur“. Viðhorf Norðlendinga til eigin framburðar“ er athyglin færð frá Vestfjörðum og að Norðurlandi. Byggt er á svörum 226 Norðlendinga úr þeim hluta netkönnunar SVIÐ-verkefnisins sem sneri að viðhorfum þeirra til eigin framburðar, hvort hann væri hluti af sjálfsmynd þeirra og hvort þeir teldu hann hafa breyst frá æskuárum. Einnig var horft til svara úr djúpvíðtölum við 46 manns úr upphaflega úrtakinu þar sem rétt var frekar við þá um viðhorf þeirra og úr hverju þau spretta. Einkum var litið til harðmælis og raddaðs framburðar, sem eru hvað þekktustu norðlensku

framburðareinkennin. Niðurstöður greinarinnar sýna að Norðlendingar eru almennt jákvæðir gagnvart eigin framburði, þó vissulega megi greina talsverðan einstaklingsmun. Þannig finnst flestum Norðlendingum eigin framburður vera venjulegur, skýr og hluti af þeirra persónulegu og staðbundnu sjálfsmynd. Margir tengja hann jafnframt sterklega við uppruna sinn og rætur og stoltið yfir því að vera Norðlendingur. Athyglisvert er hins vegar að færri telja framburð sinn sérstaklega fallegan, en þeir sem eru á þeirri skoðun tengja fegurðina gjarnan við þann skýrleika sem þeir skynja í framburðinum. Þá kemur fram að Norðlendingar þekkja almennt betur til harðmælis en raddaðs framburðar og að jákvæðni þeirra gagnvart eigin framburði beinist einkum að harðmæli, fremur en rödduðum framburði. Þetta virðist síðan endurspeglast í þróun framburðartilbrigðanna þar sem harðmæli heldur betur velli á meðan röddun dregst til baka.

Grein Höskuldur Þráinssonar, „Myndir tal og texti. Áhrif efnissöfnunaraðferða á framburðartilbrigði“ er, sem fyrr segir, ekki unnin á vegum SVID-verkefnisins en hún tengist því eftir sem áður með beinum hætti. Hér fjallar Höskuldur um aðferðafræði framburðarrannsókna og hvernig ólíkar efnissöfnunaraðferðir – meðal annars upplestur á texta, myndir af hlutum sem þátttakendur eiga að nefna og djúpvíðtöl – geta haft áhrif á tíðni framburðartilbrigða. Umfjöllunin tekur mið af hugmyndum Labovs um bæði „þversögn rannsakandans“, það er að rannsóknir á málfari þurfa helst að sýna hvernig fólk talar við eðlilegar, óformlegar aðstæður, en að slíkar aðstæður er ekki alltaf gott að kalla fram í rannsóknum, og um mikilvægi heimamálsins (e. *vernacular*) sem aðalviðfangsefni félagsmálfræðinga þar sem það kemur helst fram í afsloppuðu tali. Á þessum grunni ræðir Höskuldur síðan hvort og þá hvernig mismunandi gagnasöfnunaraðferðir sem notaðar voru í fjórum rannsóknum á tilbrigðum í íslenskum framburði, það er rannsókn Björns Guðfinnssonar, RÍN, RAUN og SVID, kunna að hafa haft áhrif á þá tíðni framburðareinkenna sem kemur fram í niðurstöðum þessara rannsókna. Nokkuð misjafnt er eftir framburðareinkennum hvort munur er á tíðni þeirra eftir efnissöfnunaraðferðum, en þar sem munur kemur fram sést hann helst á því að staðbundin einkenni eru líklegri til að koma fram í lestri. Þessi lestrarframburður virðist þó ekki vera óeðlilegur eða bera merki um ofvöndun og Höskuldur telur það stafa af því að lestrarframburðurinn sé í raun heimamál viðkomandi þátttakenda.

Síðasta greinin sem fjallar um svæðisbundinn framburð er ritstýrð grein Margrétar Guðmundsdóttur, sem ber heitið „Lokhljóðaframburður á Norðurlandi. Ný greining á gömlum gögnum“. Í greininni segir Margrét frá nýrri greiningu sinni á eldri gögnum úr framburðarrannsókn Björns Guðfinnssonar

um önghljóða- og lokhljóðaframburð á undan *ð* í framburði Norðlendinga. Í rannsókn sinni flokkaði Björn niðurstöður sínar út frá því hvort þátttakendur höfðu hreinan önghljóðaframburð, hreinan lokhljóðaframburð eða blandaðan framburð, þar sem bæði afbrigðin komu fyrir, en Margrét leggur í staðinn fram tölur um tíðni lokhljóðaframburðar eftir sýslum og stærri bæjum og vonast þannig til að gefa nákvæmari mynd af útbreiðslu framburðarins og auðvelda samanburð við aðrar rannsóknir á þróun íslenskra framburðareinkenna. Segja má að Margrét hefji svo þennan samanburð sjálf þar sem hún ber niðurstöður nýrrar greiningar sinnar á gögnum Björns Guðfinnssonar saman við niðurstöður úr RÍN og þar má glöggt sjá að lokhljóðaframburður hefur dvínað mjög á milli rannsókna enda þótt greining Margrétar bendi til þess að hann hafi staðið nokkuð sterkar í fyrri rannsókninni en Björn gerði ráð fyrir.

Demahluta þessa heftis lýkur með greininni „Breytileiki í framburði í íslensku táknmáli. Tilbrigði í handformum“, eftir þær Guðnýju Björk Þorvaldsdóttur og Rannveigu Sverrisdóttur. Eins og ráða má af heiti greinarinnar er framburðar-sjónarhornið þar vikkað nokkuð frá þeim greinum sem á undan fara þar sem hér er fjallað um framburð í íslensku táknmáli (ÍTM) með áherslu á handform í bendingum, sérstaklega í persónufornöfnum, með það fyrir augum að kanna hvort tilbrigði komi þar fram. Höfundar útskýra fyrst grunnbreytur táknmála – handform, hreyfingu, myndunarstað, afstöðu og látbrigði – og sýna hvernig greina má handform í smærri þætti, líkt og hljóð í raddmálum. Sérstaklega er fjallað um innri uppbyggingu handforma, það er valda fingur, fingrastaðu og stöðu þumals. Rannsóknin sem greint er frá byggist síðan á greiningu á 50 dæmum um handform í bendingum sem og handform í táknum á undan þeim og eftir og eru þau fengin úr sex myndböndum með frásögnum og samtölum sex tákna af mismunandi kynslóðum. Greining þessi sýnir að tilbrigði koma mun oftast fyrir í l.p.fn.et. en í öðrum bendingum og telja Guðný Björk og Rannveig að það megi rekja til þess að þessi bending er talin greinileg og því leyfist tilbrigði frekar þar. Jafnframt kom í ljós að algengast var að fingur væru með beygju á grunnlið, sem skýrist af tilvísandi afstöðu táknsins; þegar vísað er til tákna sjálf krefst myndunin minni áreynslu ef grunnliðir eru beygðir. Niðurstaða greinarinnar er því sú að framburðartilbrigði eru til staðar í íslensku tákn-mál, einkum í l.p.fn.et. og að bæði líkamlegar og hljóðkerfislegar ástæður skýra val tilbrigða.

Við vonum að greinasafnið varpi ljósi á þróun og breytileika í íslensku og íslensku táknmáli og veiti bæði fræðimönnum og almennum lesendum gagnlega innsýn í umræðu um framburðartilbrigði, málbreytingar og viðhorf og hvernig þetta þrennt spilar saman.

Að þessu sinni birtast tvær greinar utan þema en báðar eru þær á sviði bókmennta. Sigrún Alba Sigurðardóttir fjallar um skáldsöguna *Rúmmálsreikningur* (*Om udregning af rumfang*) eftir danska rithöfundinn Solvej Balle og dregur fram hvernig skáldverkið snertir á djúpan hátt á ýmsum málum er varða líf okkar í samtímanum, ekki síst loftslagsbreytingum og ágangi mannsins á auðlindir jarðar. Þá sýnir Sigrún Alba einnig hvernig lesa megi söguna sem hljóðláta gagnrýni á framfarahyggju, áherslu á skilvirkni, framleiðslu og vald hins sterka sem einkennir og mótar samfélag okkar í dag. Seinni greinin er eftir Helgu Kress og fjallar um skáldskap Drífu Viðar. Þegar Drífa lést árið 1971 lét hún eftir sig skáldsöguna *Fjalldalslíju* (1967) og handrit að smásagnasafninu *Dagar við vatnið* sem kom út síðla árs 1971 en eins og Helga bendir á er um kvennabókmenntir „par excellence“ að ræða. Sögurnar eru enda gjarnan sagðar frá sjónarhorni konu sem oft er einnig sögumaður. Í skáldsögunni og nokkrum smásagnanna er hún auk þess listakona og/eða rithöfundur sem er að skrifa söguna, ýmist sem endurminningu eða meðan hún er að gerast. Helga skoðar sjálfsmýndir í þessum sögum en beinir jafnframt sjónum að viðtökum verkanna og áhrifum Drífu á aðra listamenn.

